

**Áritun endurskoðenda**

Ársreikning þennan fyrir Tryggingasjóð viðskiptabanka höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1990, efnahagsreikningi 31. des. 1990, ásamt skýringum. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir sem nauðsynlegar þóttu.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag sjóðsins fyrir árið 1990.

Reykjavík, 15. febrúar 1991,

Stefán Svavarsson,  
lögg. endurskoðandi

Gunnlaugur Arnórsson,  
aðalendurskoðandi  
Seðlabanka Íslands

**Áritun stjórnar**

Reykjavík, 27. mars 1991.

**Arnljótur Björnsson.**

**Ólafur Örn Ingólfsson.**

**Valur Valsson.**

Staðfesting viðskiptaráðherra  
Viðskiptaráðuneytið, 27. mars 1991.  
**Jón Sigurðsson.**

10. apríl 1991

Nr. 169

**GJALDSKRÁ**

fyrir hundahald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Mosfellsbæ, sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Mosfellsbæ nr. 470/1988 skal vera kr. 485,00 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði fyrir tímabilið 1. mars 1991 til jafnlengdar 1992. Gjaldið skal greiddast fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og eigi síðar en á eindaga sem er 1. júní. Heimilt er að reikna dráttarvexti af vangoldnum gjöldum.

2. gr.

Handsömunargjald verður sem hér segir:

Í fyrsta sinn	kr. 4 000,00
Í annað sinn	kr. 6 000,00
Í þriðja sinn og oftar	kr. 8 000,00

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1991.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*